




Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavík, 28. ágúst 2020
VEL2019120043
7.3

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um deilumál á milli leigjenda Félagsbústaða - R-19120143

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst sl. var tillaga fulltrúa Flokks fólksins um deilumál á milli leigjenda Félagsbústaða tekin fyrir, sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar þann 17. desember 2019.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins og Sósíalístaflakks Íslands. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir að vísa tillögunni inn í heildstæða stefnu í velferðarmálum. Nú þegar starfa nokkur teymi en sjálfsagt er að meta í heildstæðri stefnumótun hvort þörf sé á fleiri sólarhringsvöktum.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillögur fulltrúa Flokks fólksins um að stofnað verði teymi sem hægt er að kalla til utan opnunartíma hefur verið vísað til starfshóps og fagnar Flokkur fólksins því. Tillagan var lögð fram vegna ábendinga um erfiðleika þegar vandi kemur upp utan opnunartíma. Í svari kemur fram að vinnureglan sé sú að íbúi hringi í lögreglu og sé um ítrekaðan vanda sé það tilkynnt til Félagsbústaða. Vandamálið er að lögregla getur oft ekki leyst mál af þessu tagi utan opnunartíma og situr fólk oft eftir í erfiðum aðstæðum sem fólk hefur engar forsendur til að leysa úr. Um hátíðir getur þetta verið sérstaklega erfitt. Stundum eru aðstæður þannig að mál þolir ekki bið og þá hafa leigjendur lent í að fá enga aðstoð nema sagt að leita til síns ráðgjafa

á opnunartíma. Á opnunartíma gilda önnur lögmál. Fram kemur að innan velferðarsviðs sé starfandi teymi sem tekur á slíkum málum. Eftir sem áður er vandinn enn til staðar komi upp erfið mál utan opnunartíma, ekki síst um hátíðir.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 19. ágúst, um tillögu fulltrúa Flokks fólksins



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni:

Þann 17. desember 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarstjórn svohljóðandi tillögu um úrlausn deilumála milli leigjanda Félagsbústaða:

Flokkur fólksins leggur til að velferðarsvið ásamt Félagsbústöðum móti úrræði fyrir úrlausn deilumála sem vakna á milli leigjanda Félagsbústaða og ráðist í aðgerðir til að aðstoða þá sem búa í félaglegu leiguhúsnæði eða óska eftir félaglegu húsnæði sem jafnframt glíma við fíknisjúkdóma. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að velferðarsvið í samvinnu við Félagsbústaði sem hefur fengið ríka ábyrgð til að halda utan um leigjendahópinn, veiti stuðning og ráðgjöf og svari kalli hans um aðstoð eftir atvikum. Til dæmis er mikilvægt að leigjendur sem eru í erfiðum aðstæðum sem geta verið af ýmsum toga hafi aðgang að ráðgjöf og jafnvel fagaðila ef vandinn tengist á einhvern hátt búsetu þeirra hjá Félagsbústöðum. Flokkur fólksins hefur sérstakar áhyggjur af þeim hópi leigjanda sem glímir við fíknivanda og velt er upp spurningum hvort borgin geti komið sterkar inn í að aðstoða þá sem vilja aðstoð t.d. með ráðgjöf eða meðferð. Hugmynd um teymi sem sinnti þessum hópi sérstaklega hefur komið upp hjá fulltrúa Flokks fólksins. Sú hugmynd kallar á að borgin þrói úrræði fyrir fólk með fíknivanda. Eins og staðan er núna eru þessi úrræði, aðallega hjá SÁÁ og svo hjá félagssamtökum sem taka að sér endurhæfingu, sporavinnu, námskeið og annan stuðning. Margra mánaða biðlisti er í öllu þessi úrræði.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

Umsögn:

Þegar upp kemur deilumál milli leigjanda Félagsbústaða þá getur íbúi haft samband við Félagsbústaði, greint frá ástæðu deilumáls og óskað eftir aðstoð varði málið umgengni á eign, hávaða eða truflunum af öðrum völdum. Starfsmaður Félagsbústaða hefur þá samband við leigjanda sinn og bendir honum á skyldur leigutaka.

Leigjendur sem eiga í erfiðum aðstæðum af ýmsum toga eiga að hafa aðgang að ráðgjafa á þjónustumiðstöð sem oft aðstoða við samskipti við Félagsbústaði ef á þarf að halda.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum og Félagsbústaðir vinna auk þess oft saman að lausn deilumála í samstarfi við viðkomandi leigjanda/leigjendur.

Vettvangs- og ráðgjafarteymi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðar er úrræði sem sérstaklega aðstoðar við fólk með fíknivanda, hlutverk þeirra er að veita fólki margvíslega aðstoð til að halda húsnæði sínu og leiðbeina þeim með ýmis samskipti s.s. heilsugæslu, geðdeildir og Félagsbústaði. Á undanförunum árum hafa fjárframlög til starfsemi VoR teymisins aukist, meðal annars með fjölgun stöðugilda og ráðningu sérstaks deildarstjóra sem sérhæfir sig í þessum málaflokki.